

Safnahelgi á Suðurlandi

Geymið dagskrána



1. til 4. nóvember 2012
Matur og menning úr héraði

Sjá nánari upplýsingar á www.sunnanmenning.is



OPNUNARHÁTÍÐ SAFNAHELGAR

Félagsheimilinu Kirkjuhvoli,
Kirkjubæjarklaustri

Fimmtudaginn 1. nóvember kl. 16:30

Jóna Sigurbjartsdóttir formaður stjórnar Kirkjubæjarstofu setur Safnahelgi á Suðurlandi og Uppskeruhátíð Skaftárhrepps. Flutt verða ávörp, tónlistaratriði og upplestur. Veitingar úr héraði í boði menningarmálanefndar Skaftárhrepps.

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Listasafn Hornafjarðar

Föstudagur 2. nóvember

Kl. 9:00 – 15:00

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 13:00 til 17:00. Sýning á ljósmyndum eftir Brian Briffin. Brian er breskur ljósmyndari sem dvaldist á Hornafirði árið 2007 og tók myndir af Hornfirðingum og hornfirsku landslagi. Hann hefur starfað sem ljósmyndari um árabil og er með fremstu portrett ljósmyndurum í Bretlandi. Allir eru velkomnir á sýningar listasafnsins.

Nýheimar - Þrjónakaffi á Bókasafninu

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 13:00 til 15:00 Þrjónakaffi Guðnýjar bókastýru.

Allir eru velkomnir á þrjónakaffi og það er alltaf heitt á könnunni. Um að gera fyrir alla sem eru með eitthvað á þrjónunum að kíkja við og þrjóna í góðum félagskap.

Nýheimar - Náttúrugripasýning á Bókasafninu

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 13:00 til 16:00 Á sýningunni er aðal áherslan lögð á fuglalíf og gefur að líta fugla og egg viðkomandi fugla sem verpa á svæðinu.

Huldusteinn Steinasafn

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 til 18:00 Huldusteinn Steinasafn verður með opið hús. Allir velkomnir á safnið.

Vinnustofa Eyrúnar Axelsdóttur í Miklagarði

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 til 17:00 Opin vinnustofu Eyrúnar Axelsdóttur í Miklagarði. Ýmislegt skemmtilegt að sjá og allir velkomnir.

Litli Listaskálinn á Sléttu

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 til 17:00 Litli Listaskálinn á Sléttu verður opin. Til sýnis og sölu verða handunnin kerti frá Gingó. Allir velkomnir.

Handraðinn – handverkskúsi

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 13:00 til 17:00 Handraðinn félag lista og handverksfólks á Hornafirði verður opið. Sjón er sögu ríkari og kjörð tækifæri til að versla sér lopavettlinga fyrir veturinn.

Þórbergssetur

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 til 16:00 Ljósmyndasýningin „Óprotlegur auður“ textar Þórbergs og ljósmyndir Þorvarðar Árnasonar og Tony Prower. Sýning með stytum sem Lilla Hegga gaf Sobbeppi afa, stytturnar eru gjöf frá Helgu Jónu Ásbjarnardóttur. Sýning á frumútgáfum á verkum Þórbergs Þórðarsonar, frumútgáfunar eru gjöf frá Skinney – Þinganes. Kaffi á könnunni.

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Uppskeruhátíð Skaftárhrepps 1.- 4. nóvember 2012.

Fimmtudagur 1. nóvember

Kl. 18:30 – 19:30 Íþróttamiðstöðin. Zumba prufutími hjá Glenneyse Olayvar, allir hvattir til að koma og dansa. Dagana 1. – 4. nóv. verður tilboð á 4 mánaða kortum í tækjasal + sund á kr. 12.500 og 30 tíma kort fyrir sund fullorðna á 25% afslætti. Frír prufutími í tækjasal alla helgina. Í boði verður orkudrykkurinn Hleðsla frá MS fyrir alla sem koma á meðan birgðir endast.

Föstudagur 2. nóvember

Kl. 9:30 – 11:00 Opið hús í heilsuleikskólanum Kærabæ.

Kl. 10:00 – 14:00 Opið hús í Kirkjubæjarskóla og Héraðsbókasafninu.

Kl. 14:00 – 18:00 Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi bjóða til opunar „Kofans í Skerjunum“ við Dýralæki á Mýrdalssandi. Kaffi og kleinur verða í boði. Kofinn var reistur sem skýli ferðamanna upp úr 1900 og hefur nú verið lagfærður af félagsmönnum Fótspora. Ekið er 2 km til norðurs af áfangastað Vegagerðarinnar á Mýrdalssandi og munu gestir verða ferjaðir á jepum eftir þörfum.

Kl. 14:00 – 20:00 Íþróttamiðstöðin.

Kl. 14:00 Hinn eini sanni íþróttálfur ásamt Sollu stirðu úr Latabæ kemur í heimsókn. Þau verða með ýmislegt skemmtilegt sprell fyrir börn og fullorðna. Eftir íþróttálfinn verður áskorunarkeppni í blaki, konur á móti körlum, koma þeir sem þora, vegleg verðlaun í boði.

Kl. 19:00 – 20:00 Sýnikennsla í tækjasal verður á milli.

Kl. 14:00 – 18:00 Handverksmarkaður í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli

Kl. 18:00 – 20:30 Ferðaþjónustan Hörgslandi 1, asíamatur á hlaðborði. Verð kr. 1.000.-

Kl. 21:00 – 22:00 Tónleikar í Prestsbakkakirkju. Brian R. Haroldsson organisti.

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 9:30 – 14:00 Bændur í Meðallandi bjóða gestum heim. Grillvagn Félags sauðfjárbænda verður staðsettur á Fljótum og boðið verður upp á heilgrillað lamb. Nánar auglýst á www.klaustur.is

Kl. 11:00 – 15:00 Íþróttamiðstöðin, pottaspjall og kaffi.

Kl. 12:30 fjölskyldustund: Farið verður í ýmsa leiki,



brennó, sparkó og kiló, fótbolta og þrautabraut verður á staðnum. Gaman að sem flestir myndu mæta og skella sér í sund á eftir. Heitt verður á könnunni alla helgina.

Kl. 11:00 - 15:00 Handverksmarkaður í félagsheimilinu Kirkjuhvoli

Kl. 15:00 - 17:00 Uppboð í félagsheimilinu Kirkjuhvoli til styrktar tækjakaupasjóði heilsugæslunnar á Kirkjubæjarklaustri.

Kl. 20:00 Hátiðarkvöldverður Uppskeruhátíðar Skaftárhrepps. Nánar auglýst á www.klaustur.is

Sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 - 16:00 Handverksmarkaður í félagsheimilinu Kirkjuhvoli

Kl. 14:00 - 16:00 Smalahundasýning við félagsheimilið Kirkjuhvol. Íslandsmeistarar leika listir sínar.

Kl. 17:00 Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar. Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir vígir kapellu Klausturhóla. Kaffiveitingar fyrir vígslugesti í boði Klausturhóla.

VÍK Í MÝRDAL

Kötlusetur

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 - 16:00 Opið í Kötlusetri, frítt á sýningarnar. Gömul Skaftfells skrit til sýnis og sölu.

Hérðasbókasafn Vestur-Skaftfellinga, Ránarbraut 1

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 - 16:00 Opið á bókasafninu. Bókamarkaður þar sem bækur verða til sölu fyrir lítið verð.

Veitingastaðurinn Ströndin við Víkurskála

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 20:00 Fylaveisla. Fýll var áður mikil búbot. Í dag er hátíð þegar fjölskyldur og vinir koma saman að snæða fýl. Fylaveislan er hugsuð til að fá heimamenn, brottflutta, vini og vandamenn til að hittast til að snæða fýl sem er sérstakt mýrdælskt fyrirbæri. Miðapantanir og upplýsingar í síma 896 0360, elias@vikurskali.is

UNDIR EYJAFJÖLLUM

Skógasafn

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 11:00-16:00 Aðalsafnið er opið. Aðgansyrir

Gamla fjósið undir Eyjafjöllum

Föstudagur 2. nóvember

Kl. 22:00 – 00:30 Eyjakkvöld með „Blítt og létt hópnun“ frá Vestmannaeyjum. Þá verða Eyjalögin tekin með stæl, söngtextunum varpað upp á vegg. Aðgangseyrir: 1500 kr. Upplýsingar í síma 487 7788.

Gestastofan á Þorvaldseyri

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 11:00 – 16:00 Eyjafjallajökull – eldgos. Gestastofan opin, sýning um gosið í Eyjafjallajökli 2010 og 20 mín. löng kvikmynd um gosið og lífið á bænum. Í tilefni safnahelgarinnar kostar 750 kr. inn, frítt fyrir börn yngri

en 12 ára. Ýmsar vörur til sölu beint frá býli, s.s. bygg, hveiti, Byggi morgunkorn, sápur og nuddoliur úr reppjuoliunni okkar.

VESTMANNAEYJAR

Opnunartímar: Sagnheimar, Sæheimar, Einarsstofa og Miðstöðin eru opin laugardag og sunnudag kl. 13:00-16:00, auk þess er sýningin í Miðstöðinni opin á föstud. kl. 13:00-18:00 og bókasafnið laugard. kl. 11:00-16:00.

Fimmtudagur 1. nóvember.

Kl. 17:00 Miðstöðin, efri hæð. Í bernsku minnar spor, listsýning Myndlistarfélags Vestmannaeyja.

Kl. 21:00 Kaffi Kró „Blítt og létt“ Eyjakkvöld.

Volcano kaffi: Pop/þbqiz. Frábærir vinningar í boði með Fannari trúba og dj Gaua.

Föstudagur 2. nóvember.

Kl. 16:00 Einarsstofa í Safnahúsi. 150 ára afmæli Bókasafns Vestmannaeyja, myndlistarsýning Steinunnar Einarsdóttur.

Kl. 18:00 Setningarathöfn í Stafkirkju. Tónlist og ritningarlestur.

Kl. 20:30 Sæheimar, fiska- og náttúrugripasafn.

Fuglablík, ljósmyndasýning frá Fuglaverndunarfélaga Íslands.

Kl. 21:00 Vinaminni, kaffihús. Tríoíð Davíð, Siggi og Árný skemmta gestum.

Laugardagur 3. nóvember.

Kl. 11:00 Bókasafn, Safnahúsi. Lesið úr bók Hilms Högnasonar Litla lundapysjan.

Kl. 13:00 Bókasafn, Safnahúsi. Þórarinn Eldjárn les úr nýrri bók sinni og lesið verður úr bók Árna Árnasonar símrítara. Einnig mun Egill Helgason ræða um bækur ársins.

Kl. 15:00 Sagnheimar, byggðasafn. Svona er á síld, ljósmyndasýning Hauks Helgasonar frá síldararunum 1953-1957. Gestasýning frá Síldarminjasafni Íslands.

Kl. 16:00 Hvítasunnukirkjan. Styrktartónleikar Lúðrasveitar Vestmannaeyja.

Kl. 20:00 Sagnheimar, byggðasafn. Óttar Guðmundsson geðlæknir flytur erindið Geðveikar hetjur Íslendingasagna. Umræður á eftir.

Kl. 21:00 Vinaminni, kaffihús. Leikhúsbandið treður upp ásamt vinum og vinkonum, allt þaulreyndir stórsöngvarar.

HVOLSVÖLLUR

Sögusetrið Hvolsvelli

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 10:00 – 17:00 Í Sögusetrinu er einstök Njálusýning, kaupfélagssafn, myndlistarsalurinn Gallerí Ormur, líkan af Þingvöllum árið 1000, minjagripa & bókaverslun og Söguskálinn. Aðgangseyrir, frítt fyrir börn.

Sunnlenski Sveitamarkaðurinn

Fimmtudagur 1. - sunnudagur 4. nóvember

Kl. 12:00 – 18:00 Markaður þar sem áhersla er lögð á sunnlenska framleiðslu. Boðið er upp á kjöt, fisk, grænmeti og handverk af ýmsu tagi.

Héraðsbókasafn Rangæinga

Fimmtudaginn 1. nóvember

Kl. 20:30 Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur með meiru, fjallar um **vampíur og hrollvekjur**. Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir fjalla um og lesa upp úr bókum sínum *Rökkurhæðir*.

Hótel Rangá

Gisting, fimm rétta villibráðakvöldverður og morgunverðarhlaðborð á kr. 46.800.- fyrir tvo. Einungis maturinn er á 12.500.- á mann. S: 487 5700 asa@hotelranga.is www.hotelranga.is

HELLA

Saumastofa Jóku og Öll með Tölu, Laufafelli Hellu

Opið um helgina: Föstudagur 2. nóv. kl.10:00-18:00, laugardagur 3. nóv. kl.12:00-17:00, sunnudagur 4. nóv. kl. 13:00-15:00. Anna Gunnarsdóttir með fallegu glervörurnar sínar og Kata með Northrock úlpurnar og fl. úr Hestabúðinni á Skeiðvöllum. Kaffi á könnunni.

Hekla Handverkshús

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 13:00 - 17:00 Heitt á könnunni. Allir velkomnir.

ÞYKKVIBÆR

Föstudagur 2. nóvember

Kl. 20:00 Guðþjónusta í Þykkvabæjarkirkju í umsjón verðandi fermingarbarna Oddaprestakalls. Verðandi fermingarborn hafa ásamt sóknarpresti sínum skipulagt og undirbúið guðþjónustu eins og þeim finnst að guðþjónustur ættu að vera. **Kyndlar lýsa upp gömlu bæjarmyndirnar** við afleggjara, teknar um 1940 af Helga Hannessyni.

Kl. 21:00-23:00 Skólahúsið og bókasafn opin.

Í skólahúsinu verða myndir af bæjarlífi í Þykkvabæ árið 1954 eftir Guðna í Sunnu til sýnis, einnig úrklippur úr tímaritum af fréttum úr Þykkvabæ fyrr og nú. Ljósmyndir teknar af Rax. Kaffi og með því til sölu í skólahúsi.

FLÓAHREPPUR

Búbót - Gamla Þingborg

Föstudagur 2. - sunnudags 4. nóvember

frá kl. 13:00-18:00 Búbót bændaverslun opin. Boðið er uppá upprunamerktar matvörur og eru þær sóttar eins skammt og mögulegt er.

Ullarvinnslan - Gamla Þingborg

Fimmtudagur 1. nóvember

Kl. 17:00 Lanolín. Lanolín var unnið sem lokaverkefni í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands af Ágústu Arnardóttur og var markmiðið að benda á þá fjölbreyttu möguleika sem leynast í íslensku hráefni. Sýningin opin á opnunartíma verslunarinnar.

Tré og list Forsæti III

Fimmtudagur 1.-sunnudags 4. nóvember

Kl. 13:00 til 17:00 Ljósmyndasýning Ólafs Sigurjónssonar.

Laugardagur 3. nóvember

kl: 16:00 Blústonleikar Tryggva Sveinbjörnssonar. Af tilefni 5 ára afmælis Tré og list er frír aðgangur þessa helgi.

UPPSVEITIR

Brautarholt á Skeiðum

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 13:00-17:00 Safnarasýning Upplíts í Brautarholti. Þar munu safnarar sýna smá jafnt sem stærri einkasöfn sem sjaldan koma fyrir sjónir almennings.

Skeiðalaug

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 13:00-17:00 Laugin verður opin á meðan safnarasýningin stendur yfir í Brautarholti.



FLÚÐIR

Félagsheimilið á Flúðum

Laugardagur 3. nóvember

kl. 14:00-17:00 Menningarlegur flóamarkaður

Vörðukórsins í tónum og tali. Vörðukórinn syngur nokkur lög, Kaffi og vöfflur til sölu, lukkupokar, uppboð og grænmeti til sölu.

Reiðhöllinni

Sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 Lambhrútasýning í tilefni 65 ára afmælis Sauðfjárrættarfélag Hrunamanna. Kynningar sem tengjast sauðfé. Handverksfólk með vörur unnar úr afurðum sauðkindarinnar.

REYKHOLT

Bjarkarhóll

Tilboð á kaffi og kókum í búðinni alla helgina.

Fimmtudagur 1. nóvember.

Kl. 20:00-22:00 Ívar Sæland opnar ljósmyndasýningu og tekur á móti gestum.

Föstudagur 2. nóvember

kl. 20:00 Bókauppböð. Bjarni Harðarson heldur bókauppböð með sínu lagi. Borðapantanir í mat í síma 486 1110.

Laugardagur 3. nóvember.

kl. 15:00 Sultukeppni uppsveitanna.

Kl. 16:00 Verðlaunaveiting fyrir bestu, nýstárlegustu og hollustu sultuna. Verðlaunaveiting fyrir þrjónagraff. Skráning og upplýsingar í síma 899 3546 garn@garn.is www.garn.is

Cafe Mika

Kl.19:00 Fjögurra rétta hátíðarkvöldverður. Jazztónlist Hróðmar Sigurðsson og Snæbjörg Guðmundsdóttir. Borðapantanir í síma 486 1110. bosene@mac.com

Reykholt hesthúshverfi

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 11:00 – 17:30 „Myndlist í hesthúsi“ vinnustofa Sigurlínu Kristinsdóttur í hesthúshverfinu í Reykholti verður opin. Þar má sjá málverk, kolamyndir og listmuni sem hún hefur unnið að á þessu ári. Börn eru velkomin í krakkastíuna en þar er hægt að lita og mála. Hestar og náttúran eru helsta myndefni Sigurlínu og býðst gestum að koma og skoða verkin í sínu upprunalega umhverfi

Grímsnes-Grímsborgir

Föstudagur 2. - sunnudags nóvember

Glæsileg Villibráðaveisla

2. og 3. nóvember 7.900 kr. á mann; 4. nóvember 6.900 kr. á mann. Tilboð: Gisting, morgunmat og villibráðahlaðborð fyrir 2 á 39.800 kr. Borðapantanir í síma 555 7878 eða á info@grimsborgir.is

Skálholt

Skálholtskirkja og safnið í kjallaranum eru opin alla daga frá kl. 9:00. Gestastofan er opin alla daga frá kl. 10:00.

Aðgangur ókeypis um safnahelgi.

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 Söguganga um Skálholtsstað undir leiðsögn heimamanna. Kaffi og heitt súkkulaði í Skálholtskóla í boði staðarins, að göngu lokinni.

Sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 Guðspjónusta í Skálholtsdómkirkju á Allra heilagra messu. Sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur og sr. Kristján Valur Ingólfsson Skálholtsbiskup, annast prestspjónustuna. Skálholtskórinn syngur, organisti Jón Bjarnason.

Kl. 15:00 Söguganga um Skálholtsstað undir leiðsögn heimamanna. Kaffiveitingar í Skálholtskóla að göngu lokinni.

LAUGARVATN

Gallerí Laugarvatn

Laugardagur 3. nóvember kl. 13:00-18:00

Sunnudagur 4. nóvember kl. 13:00-17:00

Jólaupstillingar með jólahandverki, kaffi, kakó og vöfflur

Laugarvatn Fontana

Á Safnahelgi á Suðurlandi býður Laugarvatn Fontana upp á „tveir fyrir einn“ í aðgang.

Föstudagur 2. nóvember kl. 13:00-21:00,

Laugardagur og sunnudagur 3. og 4. nóvember kl.

11:00-21:00 Heilsulind frá landnámi.

SELFOSS

Bókasafn Árborgar,
Austurvegur 2, 800 Selfossi

Opnunartími um Safnahelgi er 1. nív. 10.00-19.30

2. nív. 10.00-19.00, 3. og 4. nív. 11.00-17.00.

Hryllingssýning í anda Allrar heilagrar messu – Halloween. Hryllingssýning verður alla dagana og einnig kynning á pólskum bókum. Spurningaleikur fyrir börnin og áhugakönnun um stofnun leshrings. Kaffi á könnunni og kannski eitthvað með því.

Fimmtudagur 1. nóvember

Kl. 18.30 Vampírur og hrollvekjur. Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur fjallar um Vampírur og hrollvekjur.

Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir fjalla um og lesa upp úr bókum sínum *Rökkurhæðir*.

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 Málverkasýning Halls Karls verður opnuð í Listagjanni.

Tryggvaskáli

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 Pólskur menningardagur. Pólverjar kynna menningu sína með fjölbreyttri dagskrá og bjóða gestum að smakka pólska matargerð og bakstur. Allir velkomnir.

Sundhöll Selfoss

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 9:00-19:00 Sundlaug Árborgar á Selfossi verður með uppskriftir í pottunum um Safnahelgina. Gestir geta skoðað gómsætar mataruppskriftir í heitu pottunum.

Alvörubúðin og Hannyrðabúðin Eyravegi 23

Föstudagur 2. nív. kl. 10-18

Laugardagur 3. nív. kl. 10-16

Búðirnar voru nýlega sameinaðar undir einu þaki.

Munstur fyrir allar gerðir hannyrða, garn, indverskt handverk og textíll.



STOKKSEYRI

Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 13:00-17:00 Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið og Draugasetrið opin. Heimsókn í Draugasetrið er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Börn undir 12 ára verða að vera í fylgd með forráðamanni. Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið hentar öllum aldurshópum. Tilboðsverð inn á söfnin í tilefni safnahelgar 2000 kr. fyrir fullorðna og 1200 kr. fyrir börn 15 ára og yngri.

Gallerí Svartiklettur, Hafnargötu 9, Stokkseyri

Föstudagur 2. - sunnudags 4. nóvember

Kl. 14:00-18:00 Elfar G. Þórðarson sýnir ný olíumálverk frá Vestfjörðum. Valgerður Þóra Elfarsdóttir sýnir mosaic.

Veðisafnið - Stokkseyri

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 11:00-18:00 Safnið opið. Almennur aðgangseyrir.

Sundlaugin á Stokkseyri

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 10:00-15:00 Sundlaug Árborgar á Stokkseyri verður með uppskriftir í pottunum um Safnahelgina. Gestir geta skoðað gómsætar mataruppskriftir í heitu pottunum.

EYRARBAKKI

Byggðasafn Árnesinga, Húsinu

Föstudagur 2. - sunnudags 4. nóvember

Kl. 13:00-17:00 Myntsafnarinn í Hólum. Sýning á myntsafni Helga Ívarssonar bónda og fræðimanns (1929-2009). Sýningin er samvinnuverkefni Héraðsskjalasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga en Helgi arfleiddi söfnin tvö að eignum sínum.

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 Tveir fyrirlestrar um Helga Ívarsson í Hólum. Tryggvi Ólafsson bókasafnsfr. kynnir mynt-söfnun Helga og Lýður Pálsson safnstj. fjallar um hann. Sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 Gleymdar konur í íslenski tónlist. Kynnt verða fjögur íslensk kventónskáld sem eru að mestu gleymd. Þetta voru Olufa Finsen (1835-1908), Guðmunda Nielsen (1885-1936), Ingunn Bjarnadóttir (1905-1972) og María Brynjólfssdóttir (1919-2004). Dagskráin verður flutt af Sigurlaugu Arnadóttur sem er jafnframt höfundur dagskrárinnar (söngur) og Þóru Björk Þórðardóttur (gítar), sem útsetti lögin.

Kl. 15:30 Kartöflukaffi. Kartöflur gleðja unga og alda. Glæðingur fyrir börnin.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 20:00 Kvöldtónar við Farsæl. Jón Tryggvi og Unnur syngja við áraskipið Farsæl ýmis sönglög, m.a. um lífið í litlu fiskiþorpi úti á landi.

Laugabúð á Eyrarbakka v/Eyrargötu

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 11:00 til 17:00 Safnbúðin Laugabúð verður opin. Bókamarkaður í kjallara búðarinnar.

Söguferð um þorpin

Sunnudagur 4. nóvember

Kl. 12:30 Lagt af stað frá Gömlu Vesturbúðinni á Eyrarbakka. Farið í rútu austur Eyrarbakka og í Hraunshverfið, austur að Stokkseyri og áfram austur að Baugstaðarjómabúi og til baka. Klukkutíma ferð með leiðsögn Siggeirs Ingólfssonar. Skráning í síma: 898 4240 siggeiri@simnet.is Kostnaður: 2000 kr.

ÞORLÁKSHÖFN / ÖLFUS

Bæjarbókasafn Ölfuss, Þorlákshöfn

Föstudagur 2. nóvember

Kl. 18:00-19:00 Opnun ljósmyndasýningar Davíðs Þórs Guðlaugssonar í Gallerí undir stiganum.

Kl. 20:00-21:00 Vampírur og hrollvekjur. Úlfhildur Dagsdóttir fjallar um vampírur og hrollvekjur. Birgitta Hlín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir fjalla um og lesa upp úr bókum sínum *Rökkurhæðir*.

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 16:00-18:00 Opið á bókasafninu. Ljósmyndasýning Davíðs Þórs Guðlaugssonar.

Versalir, Ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 14:00 Fjölskyldu- og gamanleikritið **Rummungur ræningi** í uppfærslu Leikfélags Ölfuss. Miðapantanir í síma 664 6454 (Þrúður) og 692 2761 (Jóhanna).

Sunnudagur 4. nóvember

Kl. 17:00-19:00 Tónar við hafið. Menningarstund í Þorlákshöfn. Fjallað verður um þorpsbláðamennsku í Þorlákshöfn, Skuggabandið flytur gamla smelli og valdar fréttir og myndir úr eldri blöðum verða til sýnis.

Hendur í höfn, glervinnslustofa

Unubakka 10-12 í Þorlákshöfn

Opin um safnahelgi: Föstudagur 2. nóv. 14.00 – 18.00,

laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóv. kl. 13.00 -16.00

Boðið er upp á kynningu á starfsemi auk fræðslu á gleri og glerbræðslu. Ýmis tilboð í gangi alla helgina og gestum boðið að spreyta sig í glerlistinni meðan húsrúm leyfir.

Hafið Bláa við ósa Ölfusár

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 13.00 - 17.00 Glæsileg sölusýning á glerlist á veitingastaðnum Hafinu Bláa. Ný verk eftir Ellu Rósinkrans listakonu. Verkin eru í tengslum við sýningar hennar í Bretlandi en hún sýndi í september sl. og sýnir aftur í febrúar þar í landi. Allir sem mæta og kaupa verk á sýninguna fá frítt kaffihlaðborð. Verkin á sölusýningunni er á bilinu 1.100 kr. til 350.000 kr. myndverk, skúlptúrar, kertastjappar, ostabakkar og skálar. Allir velkomnir.

Hellisheiðarvirkjun. Myndlist og jarðhiti

Föstudagur 2. - sunnudags 4. nóvember

Kl. 9:00-17:00 Sýning á málverkum Rudólfs L. Reiter og ljósmyndum Emils Þórs Sigurðssonar. Reiter er einn kunnasti listamaður samtímans í Þýskalandi og á sýningunni má sjá fáein nýrómantísk verk en þó fleiri sem kennd eru við „óformleg málverk“ eða „Informelle Malerei“. Emil Þór hefur starfað sem ljósmyndari síðan á áttunda áratugnum og hann hefur haldið fjölda ljósmyndasýninga og einnig hafa verið gefnar út bækur með ljósmyndum hans. Einnig er opið á margmiðlunar-sýninguna. Vöflur og heitt á könnunni.

Þorkelsgerði í Selvogi – Sigurbjörg Eyjólfsdóttir

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóvember

Kl. 13 – 16 báða dagana. Opið hús hjá Sigurbjörgu Eyjólfsdóttur í Þorkelsgerði í Listhúsinu (Galleri). Það er hægt að mála á allt!

HVERAGERÐI

Bókasafnið í Hveragerði, Sunnumörk

Föstudagur 2. nóvember

Kl. 18:00 Vampírur og hrollvekjur. Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur fjallar um vampírur og hrollvekjur. Birgitta Elin Hassell og Marta Hlín Magnadóttir fjalla um bókaflokkinn *Rökkurhæðir*. Upplstur. Skreytingar í anda efnisins. Fyrir unglina og eldra fólk sem þorir.

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 14:00 Opnun myndlistarsýningar Bjartmars

Guðlaugssonar. Bjartmar þekjja flestir sem tónlistarmann, en hann fæst einnig við myndlist og hefur haldið nokkrar sýningar. Við opnunina leikur Bjartmar nokkur lög. Allir velkomnir. Sýningin verður opin út nóvember. **Safnið er opið kl. 13-19, fimmtudag og föstudag, laugardag kl. 11-17, sunnudag kl. 13-17. Tökum vel á móti gestum og bjóðum upp á kaffi.**

Verslunarmiðstöðin Sunnumörk

Opin alla daga kl. 8:00 – 19:00

Sýningin Listamannabærinn Hveragerði – fyrstu árin.

Á sýningunni er leitast við að draga upp mynd af tilurð skáldanýlendunnar í Hveragerði upp úr 1940 þar sem sex einstaklingar voru kannski mest áberandi. Nútíminn kallast skemmtilega á við fortíðina en nokkrir valinkunnir Hvergerðingar fjalla um skáldin á sýningunni.

Jarðskjálftasýningin Skjálftinn 2008

Á sýningunni er gerð grein fyrir orsökum og afleiðingum jarðskjálftans í maí 2008 í Hveragerði. Þar má sjá reynslusögur íbúa, upplýsingar um áhrif skjálftans á hús, nánasta umhverfi og innbú bæjarbúa, upptökur úr eftirlitsmyndavélum, ljósmyndir frá bæjarbúum og upplýsingar frá Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands. Hægt er að upplifa jarðskjálfta í jarðskjálftaherminni sem er yfir 6 á Richter. Jarðskjálftasprunga sem fannst við byggingu hússins 2003 er upplýst og á sýningunni.

Listasafn Árnesinga

Fimmtudagur 1. – sunnudags 4. nóvember

Kl. 12:00-18:00 TÓMIÐ, horfin verk Kristins Péturssonar með athugasemdum Hildigunnar Birgisdóttur, Hugins Þórs Arasonar, Sólveigar Aðalsteinsdóttur og Unnars Arnar. Tímabært er að skoða feril Kristins Péturssonar (1896-1981). Kristinn settist að í Hveragerði árið 1940 og bjó þar síðustu 41 ár ævinnar, en á þeim árum var hann hvað djarfastur í sínum tilraunum. Sýningin er samstarfsverkefni með Listasafni ASÍ. Sýningarstjórnin Markús Þór Andrésson varpar áhugaverðu ljósi á verk Kristins og fékk fjóra listamenn nýrrar kynslóðar til samstarfs þar sem verk þeirra kallast á við verk Kristins.

Laugardagur 3. nóvember

Kl. 13:00 Listvinafélag Hveragerðis, kynning á félaginu. Vefurinn listvini.is formlega opnaður og tímalína með upplýsingum um listamenn í Hveragerði fyrir og nú

sérstaklega kynnt. Anna Margrét Stefánsdóttir og Magnús Þór Sigmundsson flytja eigið efni.

Dalakaffi - opunarhátíð

Fimmtudagur 1. til sunnudags 4. nóvember

Fimmtudagur kl. 18:00 Formleg opnun Dalakaffis (veitingar, tónlist). Vinkonutrióíð SÁM verður með málverkasýningu (Samsýning Ásdísar Hoffritz, Magneu Jónasdóttur og Sæunnar Freydisar Grímsdóttur). **Opið fimmtudag kl. 18:00-20:00, föstudagur til sunnudags kl. 10:00-19:00.**

Kjöt og Kúnt, Breiðumörk 21, Hveragerði

Myndlistarsýning – Brot af verkum Mýrmanns (Víðir Mýrmann). Myndirnar eru unnar með olíu á striga. Útgangspunktur í verkunum er rómantískt landslag og mismunandi birtustig. Aðgangur að sýningunni er ókeypis. **Opið kl. 17 -21, lokað á sunnudögum.**

OPIN HÚS hjá nokkrum félögum Listvinafélags Hveragerðis þar sem gestum og gangandi býðst að heimsækja listamenn.

Lækjarbrún 18, Hveragerði - Björg Einarisdóttir rithöf.

Laugardag 3. nóvember kl. 14:00 - 17:00.

Upplstur og umræður. Lestur úr eigin verkum.

Bjarkarheiði 12, Hveragerði - Jóhann Gunnarsson.

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóv. kl. 13 – 17

Pípuorgel verður til? Í tæp 2 ár hefur Jóhann dundað við að smíða íhluti í lítið pípuorgel og er nú að setja það saman og prófa. Hann verður við þessa iðju í bilskúrnum að Bjarkarheiði 12.

Kambahrauni 35, Hveragerði - Gréta Berg Th.

Bergsveinsdóttir.

Laugardagur 3. og sunnudagur 4. nóv. kl. 13 – 17

Lifandi steinar. Olíumálverk unnin út frá myndformun í steinum. Steinarir sem unnið er út frá eru til sýnis.

Bjarkarheiði 19, Hveragerði - Anna Jörunn Stefánsd.

Sunnudagur 4. nóv. kl. 13 – 17. Óvenjuleg handavinna.

Orkerað, filerað, gimbað og kniplað, einnig keðjuhekl og rússneskt hekl. Til sýnis tilbúin hlutir og hlutir í vinnslu.

Aðferðir sýndar og jafnvel hægt að fá að prófa.



Menningarráð

Suðurlands



Arion banki

Samtök
safna
á Suðurlandi

